

Fjarfundur-Undirbúningsnefnd vegna rannsókna kjörbréfa- /Ólafur Jónsson. 25. Október 2021. 13:00. PM.

Brot á jafnréttisákvæðinu.

Allir skulu jafnir fyrir lögnum. Í 65. grein stjórnarskrárinnar er tekið fram að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, og þá væntanlega jafnframt óháð búsetu á landinu. Í Mannréttingayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var á Allsherjarpingi Sameinuðu þjóðanna hinn 10. desember 1948- Sbr. lið 21- grein 3- þar sem segir:

Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum. Enda sé kosningaréttur jafn og leynileg atkvæðagreiðsla viðhöfð eða jafngildi hennar.

Kosningaréttur í nýafstöðnum kosningum **var ekki jafn** og þar með er framkvæmd kosninganna brot á bæði jafnréttisákvæði 65. greinar Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands og Mannréttingayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um jafnan kosningarétt. **Allt að tvöfalt vægi er ekki jafnræði.**

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu- 1994- nr. 62 19. maí- segir m.a.3. grein. Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður er tryggi það að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.

Límmiðar á hurðum og kjörkössum.

Límmiði á kjörkassa tryggir ekki að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.

Innsigli er vax (ekki límmiði) með áþrýstu kennitákni ríkisins á kjörkassanum.

Innsiglið (vaxið) brotnar ef kjörkassinn er opnaður.

Áhald sem notað er til þess að þrýsta á vaxið kallast innsigli.

Ingi Tryggvason. Innsigli innan gæsalappa sem notað var í kosningunum 2021 lýsir Ingi Tryggvason, héraðsdómari og formaður yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi þannig: „Það er spurning hvort fólk viti það hvað felst í innsigli,“ sagði Ingi og bætti við að ef einhver ætlaði inn í herbergið(geymslu kjörgagna) kæmi innsigli ekki í veg fyrir það. ***Enda væri um límmiða að ræða sem auðvelt væri að taka af og setja aftur á.***

Hafa ber í huga að sama gildir um kjörkassana um allt land- notaðir voru límmiðar sem auðvelt er að taka af og setja aftur á. Kosningarnar 2021 voru ólöglegar. Hvers vegna? Vegna vöntunar á löglegu innsigli á kjörkössum og brotum á jafnréttisákvæði í Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Ég geri ráð fyrir að kjörgögn send kjörstjórnnum séu með hefðbundnu löglegu embættisinnsigli- vaxi sem brotnar ef röskun verður á innhaldi umbúða.

Ólafur Jónsson, 25. október 2021. Gsm: 8652209- Netfang: gwpolj@gmail.com